

**Fundargerð samstarfsnefndar
Sambands íslenskra sveitarfélaga
og
Samflots bæjarstarfsmannafélaga**

(Félag opinberra starfsmanna á Austurlandi, Félag opinberra starfsmanna á Vestfjörðum, Starfsmannafélag Dala- og Snæfellssýslu, Starfsmannafélag Fjallabyggðar, Starfsmannafélag Fjarðabyggðar, Starfsmannafélag Húsvíkur og Starfsmannafélag Vestmannaeyja)

Fundur var haldinn í samstarfsnefnd Samflots bæjarstarfsmannafélaga og Sambands íslenskra sveitarfélaga í Borgartúni 30, þann 15. apríl 2015.

Mætt var frá Samfloti starfsmannafélaga, Guðbjörn Arngrímsson (símleiðis), og Helga Hafsteinsdóttir. Frá SNS: Benedikt Þór Valsson og Inga Rún Ólafsdóttir, sem ritaði fundargerð.

Þessi mál voru tekin fyrir:

1. Mat á menntun starfsmanns íþróttamannvirkja hjá sveitarfélagi

Erindi frá stéttarfélagi. Viðkomandi starfsmaður óskaði eftir því árið 2010 að fá meistararéttindi sín í málaraiðn metin til persónuálags, með þeim rökum að málaramenntunin nýttist í starfi m.a. vegna þekkingar á meðferð eiturefna. Ósk starfsmannsins var hafnað á þeim tíma, en ákvörðunin endurskoðuð í apríl 2014 og launaröðun hans breytt frá 1. janúar 2014.

Félagið fer fram á að laun starfsmannsins verði leiðrétt afturvirkir frá maí 2010.

Niðurstaða:

Þar sem sveitarfélagið hefur viðurkennt að menntun starfsmannsins nýtist í starfi, er samstarfsnefndin sammála um að leiðréttta beri laun starfsmannsins í samræmi við þá ákvörðun frá 1. maí 2011.

2. Röðun starfsmanna í sundlaug sveitarfélags

Erindi frá stéttarfélagi. Ágreiningur er um röðun starfsmanna í sundlaug. Um er að ræða fimm starfsmenn sem allir vinna samkvæmt sömu starfslýsingu, sem gengur næst skilgreiningu á sundlaugarverði I í starfsmati og raðast í lfl. 123:

Sundlaugarvörður I 325 stig

Starfar við öryggisgæslu í sundlaug. Helstu verkefni eru öryggisgæsla við sjónvarpsskjá og laug auk eftirlits með öryggiskerfum. Önnur verkefni geta verið afgreiðsla og baðvarsla. Starfsmaður þarf að hafa lokið námskeiði í skyndihjálp og hafa staðist sundpróf.

Fjórir af fimm starfsmönnum hafa lokið námskeiði í skyndihjálp og staðist sundpróf, sem krafa er gerð um samkvæmt skilgreiningu starfsins í starfsmati. Þrátt fyrir það hefur þremur af starfsmönnum verið ráðað í lfl. 119 sem baðvörður í íþróttamannvirki, samkvæmt eftirfarandi skilgreiningu í starfsmati:

Baðvörður í íþróttamannvirki 292 stig

Starfar við almenna gæslu í íþróttahúsum og/eða sundlaugum. Helstu verkefni eru að hafa almennt eftirlit með viðskiptavinum, t.d. nemendum, fylgja eftir umgengnisreglum húsnæðis, annast ræstingu o.fl.

Stéttarfélag fer fram á leiðréttingu launa þessara þriggja starfsmanna, fjögur ára aftur í tímann hjá tveimur þeirra og þess þriðja frá upphafi ráðningar hans á árinu 2014.

Niðurstaða:

Samkvæmt 11.gr. reglugerðar um hollustuhætti á sund- og baðstöðum nr. 2010/814 með síðari breytingum, ber að hafa a.m.k. einn laugarvörð við laugargæslu í sundlaugum allt að 25x12,50m að stærð. Sundlaugarvörður skal standast hæfnispróf samkvæmt viðauka III í reglugerðinni.

Starfsheiti framangreinds starfs samkvæmt starfsmati er sundlaugarvörður, sem ráðast í lfl. 123.

Þeim tilmælum er beint til sveitarfélagsins að greiða þeim starfsmönnum sem starfað hafa við sundlaugarvörslu og uppfyllt hæfnispróf reglugerðarinnar rétt laun sundlaugarvarðar 4 ár aftur í tímann.

Fleira ekki gert og fundi slitið.